

28. maí 1975.

407

Nr. 213.

REGLUGERÐ

um rekstrarkostnað grunnskóla.

1. gr.

Ríki og sveitarfélög greiða rekstrarkostnað skóla á grunnskólastigi samkvæmt því, sem segir í lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, sbr. l. nr. 49/1967, um skóla-kostnað, og eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

2. gr.

Reki sveitarfélög með samþykki menntamálaráðuneytisins skóla á gagnfræðastigi samkvæmt skilgreiningu eldri laga og/eða forskóla fyrir 5—6 ára börn undir sömu stjórn og grunnskóla (7—16 ára) skiptist og greiðist rekstrarkostnaður eftir sambærilegum reglum.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir mánaðarlauna beint til aðila: Föst mánaðarlaun fræðslustjóra, skólastjóra, kennara og annars skólstarfsfólks sem menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar og sem tekur föst mánaðarlaun.

Ríkissjóður greiðir beint til aðila:

- a. Laun stjórnskipaðra prófdómenda við samræmd lokapróf grunnskóla og önnur samræmd próf sem menntamálaráðuneytið leggur skólum til skv. 58. gr. grunnskólalaga, svo og laun stjórnskipaðra trúnaðarmanna við samræmd könnunarpróf skv. 61. gr. sömu laga, hvort tveggja að úrskurðuðum reikningum.
- b. Greiðslur til skólastjóra vegna ákvæða 4. mgr. 11. gr. kjarasamnings B.S.R.B. frá 15. des. 1973 og sambærilegar greiðslur, sem leiða af beinum samningum ríkissjóðs við stéttarfélög skólastjóra og kennara.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið og landshlutasamtök sveitarfélaga stofna fræðsluskrifstofur og standa sameiginlega að rekstri þeirra.

Af rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu greiðir ríkissjóður:

- a. Laun fræðslustjóra samkvæmt kjarasamningum á hverjum tíma.
- b. Helming af viðhaldi húsa og húsaleigu fyrir fræðsluskrifstofur, enda hafi leigan verið samþykkt af menntamálaráðuneytinu fyrirfram.
- c. Helming af ferðakostnaði fræðslustjóra í embættiserindum samkvæmt reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.
- d. Árlegt framlag, er að hámarki miðast við nemendafjölda í grunnskólum undæmisins, þannig að á fyrstu 2200 nemendur koma 1.4 stundir á nemanda og 0.4 stundir á nemanda eftir það. Við greiðslu úr ríkissjóði skal hver stund greidd með dagvinnukaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi. Framlag þetta er háð a.m.k. jafnháu framlagi þeirra landshlutasamtaka, sem í hlut eiga.

5. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum mánaðarlega eftir á með milligöngu viðkomandi fræðsluskrifstofu áætlaðan endurkræfan launakostnað vegna kennslu og annarra starfa, sem ekki eru greidd mánaðarlega fyrirfram.

Greiðslur þessar eru miðaðar við rekstraráætlun fyrir viðkomandi skólaár, gerðar fyrir lok fyrra skólaárs, enda hafi hún hlotið samþykki fræðslustjóra, sveitarstjórna, er hlut eiga að máli, og menntamálaráðuneytisins.

Gerð þessarar rekstraráætlunar skal lokið svo tímanlega (sbr. þó 7. gr.) að menntamálaráðuneytið geti gert fjárlagatillögum vegna næsta almanaksárs innan þeirra tímamarka er fjárlagatillögum eru sett. Greiðslur þessar breytast til samræmis við breytingu á launatöxtum.

Greiðsluuppgjör vegna launakostnaðar með viðbótargreiðslum til sveitarfélaga eða endurkröfu ríkissjóðs vegna ofgreiðslna skulu fara fram eftir hver áramót með heildaruppgjöri samkvæmt 6. gr.

6. gr.

Heildaruppgjör milli sveitarfélaga og ríkissjóðs fer fram um hver áramót fyrir undangengið almanaksár, sbr. þó 28. gr.

Hið síðasta 30 dögum eftir fullnægjandi skil, að dómi menntamálaráðuneytisins, skal uppgjör fara fram með lokagreiðslu úr ríkissjóði eða bókfærslu inneignar ríkissjóðs hinn 31. desember ár hvert.

Við greiðslur upp í áætlaðan kostnað næsta almanaksárs skal taka tillit til hinnar bókfærðu inneignar ríkissjóðs.

7. gr.

Í síðasta lagi þrem vikum áður en kennsla hefst að hausti skal skólastjóri og skólanefnd endurskoða áður gerða áætlun um rekstrarkostnað skóla og áætlaða kostnaðarskiptingu milli sveitarfélags og ríkis. Komi í ljós við þá endurskoðun, að forsendur áætlunarinnar hafi breyst að verulegu leyti af öðrum ástæðum en launa- og verðlagsbreytingum, svo sem breytingum á áætluðum nemendafjölda, skipulagi skóla o. s. frv., er skólastjórn og skólanefnd skylt að endursemja áætlunina og leggja fyrir fræðslustjóra til afgreiðslu hið fyrsta.

Ennfremur skal sveitarstjórn, eða skólanefnd í umboði hennar, í síðasta lagi þrem vikum áður en skóli tekur til starfa, ganga frá endanlegri skipulagningu skólaaksturs, samningum við akstursaðila og annarri skipulagningu vegna fjarlægðarkostnaðar og leggja fyrir fræðslustjóra til afgreiðslu hið fyrsta.

8. gr.

Kennarastundir, sem ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir og falla undir hámarksákvæði 9. gr., ráðast af eftirfarandi:

a) Forskóli fyrir 5 og 6 ára nemendur	15	stundir
1. bekkur —	7	— — 22 —
2. — —	8	— — 24 —
3. — —	9	— — 27 —
4. — —	10	— — 32 —
5. — —	11	— — 34 —
6. — —	12	— — 35 —
7. — —	13	— — 37 —
8. — —	14	— — 37 —
9. — —	15	— — 37 —

að viðbættum þeim kennarastundafjölda sem leiðir af skiptingu bekkjardeilda í verklegri kennslu í skyldunámsgreinum svo sem handmenntum. Skal fjöldi í þeim námshópum að jafnaði eigi minni en 12 nemendur og má fjölgun

kennarastunda af þessum ástæðum vera allt að 3 stundir á hverja bekkjardeild nemenda á 3.—9. námsári.

Af framangreindum stundafjölda ber einungis að telja þær stundir sem eru í samræmi við þá námsskrá, sem menntamálaráðuneytið gefur út eða ákveðnar eru samkvæmt sérstökum heimildum þess.

- b) Nemendafjöldi í bekkjardeildum 1.—6. bekkjar er sem hér segir:

Sé 4 yngstu aldursárgöngum kennt saman, allt að 12 nemendur í deild.

Sé 3 aldursárgöngum kennt saman, allt að 17 nemendur í deild.

Sé 2 aldursárgöngum kennt saman, allt að 22 nemendur í deild.

Fræðslustjóri getur aukið nemendafjölda um allt að fjóra í deild umfram framangreint.

Sé tveimur eða fleiri aldursárgöngum kennt saman í deild skal hámarksstundafjöldi miðast við elsta viðkomandi árgang, sbr. framangreinda töflu.

Séu bekkjardeildir skipaðar einum árgangi, skal meðalfjöldi nemenda í bekkjardeildum að frátöldum hjálparbekkjum vera allt að 28.

- c) Hjálparkennsla í hjálparbekkjum eða stuðningskennsla einstaklingsbundin eða í hópum, samkvæmt áætlun sem metin hefur verið og samþykkt af fræðslustjóra.
- d) Leiðsögn við hópnam í bókasafni, allt að 1 stund á viku á hverja 30 nemendur á 5.—9. námsári, enda sé um að ræða reglubundna starfsemi umfram kennslu skv. a-lið.
- e) Sé víxlkennsla viðhöfð, er heimilt að fjölga nemendastundum um allt að 15% á viku frá ákvæðum a-liðar, en þó eigi umfram þá hlutfallslegu skerðingu skóla tíma, sem af víxlkennslunni leiðir. Hlutfallslega skerðingu skal miða við 7 mánaða (28 kennsluvikna) árlegan kennslutíma fyrir 1.—3. bekk og 7½ mánaðar árlegan kennslutíma fyrir 4.—9. bekk.
- f) Stundir til ráðstöfunar innan hámarks samkvæmt 10. gr.

9. gr.

Greiðsla eða endurgreiðsla ríkissjóðs á þeim kennslustundum, sem taldar eru í 8. gr., miðast við heildarstundafjölda (H), sem ákvarðast af fjölda nemenda samtímis í skóla og meðaltali nemendastunda í bekkjardeildum sem hér segir:

1. Fjöldi nemenda samtímis í skóla (NS) finnst þannig:

Leggja skal saman margfeldin af fjölda nemenda í hverri bekkjardeild og kennsluvikum deildarinnar og deila í þá samtölu með kennsluvikum skólans. Sem kennsluvikur skal einungis telja raunverulegar starfsvikur, þ.e. án leyfa.

2. Meðaltali nemendastunda í bekkjardeildum (MS) finnst þannig:

Leggja skal saman margfeldin af nemendastundum í hverri bekkjardeild og kennsluvikum deildarinnar. Í þá samtölu skal deila með samanlögðum kennsluviknafjölda allra bekkjardeilda.

3. Stundafjöldi skólahverfis (T) með hliðsjón af fjölda nemenda samtímis í skóla (NS), finnst samkvæmt eftirfarandi reglum:

a) Allt að 20 nemendur: 3 stundir á nemanda.

b) 21—100 nemendur: 20 stundir og að auki 2 stundir á nemanda.

c) 101—350 nemendur: 60 stundir og að auki 1.6 stundir á nemanda.

d) Fleiri en 350 nemendur: 130 stundir og að auki 1.4 stundir á nemanda.

4. Heildarstundafjöldi til viðmiðunar (H), sbr. fyrstu málsgrein, finnst sem margfeldi af T úr 3. lið og MS úr 2. lið deilt með 32.2 eða

$$H = \frac{T \cdot MS}{32.2}$$

Heildarstundafjöldinn (H) miðast við alla nemendur skólahverfisins að meðtöldum forskólanemendum. Sé útibú rekið frá aðalskóla skal þó kennslustundafjöldi þess reiknaður út sérstaklega.

10. gr.

Sé heildarfjöldi kennslustunda í grunnskóla samkvæmt liðum a—e í 8. gr. minni en hámarksstundafjöldi skv. 9. grein, má skólastjóri verja allt að 75% af mismuninum til aukinnar kennslu eða annarra þarfa skólans, þó ekki meira en 1% af hámarksstundafjölda.

Þar sem tveir eða fleiri grunnskólar eru í sama skólahverfi skal skólanefnd í samráði við skólastjóra ákveða skiptingu umframstunda.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir auk kennarastunda sem tilgreindar eru í 9. gr. eftirfarandi kennslu:

- a) Kennarastundir vegna skiptingar bekkjardeilda og hlutfallslegrar aukningar kennslustunda í verklegum greinum umfram 3 stundir á viku til jafnaðar í 3.—9. bekk skv. áætlun samþykktri af fræðslustjóra.
- b) Kennslu vegna orlofs kennara.
- c) Sjúkrakennslu skv. samþykki fræðslustjóra.
- d) Forfallakennslu, sbr. reglur nr. 227/1958 um vottorðsskyldu kennara í veikindaförföllum.
- e) Sundkennslu skv. námsskrá.
- f) Allt að tveim kennarastundum á viku á hvern nemanda umfram ákvæði 9. gr. sem að mati tilkvaddra sérfræðinga fellur undir ákvæði c-, d- og e- liða 51. gr. laga nr. 63/1974, og stundar nám í sérskólum eða sérbekkjum eða almennum bekkjum innan grunnskólans. Kennslufyrirkomulag skal hafa hlotið samþykki viðkomandi fræðslustjóra. Sé að mati fræðslustjóra nauðsynlegt að halda uppi kennslu umfram þessi ákvæði úrskurðast greiðsluþátttaka ríkissjóðs hverju sinni.

12. gr.

Til stjórnunar grunnskóla greiðir ríkissjóður stundafjölda er miðast við allt að 7% af hámarksfjölda heildarstunda (H) skv. 9. grein, þó ekki minna en 5 stundir á viku.

Stundafjölda þessum skal ráðstafað á eftirfarandi hátt:

- a. til lækkunar á kennsluskyldu skólastjóra skv. þeim reglum sem um hana gilda sbr. ákvæði kjarasamninga.
- b. til lækkunar á kennsluskyldu yfirkennara samkvæmt reglum sem menntamálaráðuneytið setur.
- c. til greiðslu á launum fyrir almenn skrifstofustörf í skólum.
- d. til greiðslu á launum fyrir sameiginlega þjónustu í skólahverfum, þar sem fleiri en einn grunnskóli er starfandi. Um greiðslur þessar skal gert sérstakt samkomulag við menntamálaráðuneytið í hverju einu tilviki.

Nái stundafjöldi, sem varið er til lækkunar á kennsluskyldu á viku skv. lið a og b ekki viðmiðunarstundafjölda sbr. 1. málsgrein (7% af H) skal stundafjöldi sem á vantar virtur með dagvinnutímakaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi, og leggur ríkissjóður allt að þeirri fjárhæð fram hverja viku á kennslumánuðum skólans (mán. = 4 vikur).

Lækkun kennsluskyldu skólastjóra vegna stjórnunar heimavistar er ekki hluti af ráðstöfunarstundum skv. þessari grein og fer þar um skv. kjarasamningum.

13. gr.

Ríkissjóður greiðir vegna starfa við bókasöfn og umsjónar með kennslugögnum sem samsvarar 6% af heildarstundafjöldi (H) skv. 9. grein og skal hver slík klukkustund virt með dagvinnutímakaupi í meðallaunaflokki kennara á grunn-skólastigi. Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um störf í bókasafni og eftirlit með kennslugögnum. Séu skólasöfn og almenningsbókasöfn sameinuð skulu hlutaðeigandi aðilar gera samkomulag sín í milli um greiðsluhlutfall rekstrarkostnaðarins og sá samningur staðfestur af menntamálaráðuneytinu.

Að öðru leyti vísast til sérstakrar reglugerðar um skólasöfn.

Framangreind ákvæði koma til framkvæmda með þeim hætti að í stað 6% af hámarksstundafjöldanum komi 3% fyrir skólaárið 1975/76, en við bætist 0.5% á ári uns náð er 6% skólaárið 1981/82.

14. gr.

Til starfa að skipulögðu félagslífi nemenda á daglegum skólatíma eða utan hans greiðir ríkissjóður að hámarki á kennsluviku í hverju skólahverfi fjárhæð er miðast við:

- a. 5 klukkustundir og að auki 3.7 klukkustundir fyrir hverja 100 nemendur í skólahverfinu, séu þeir samtals færri en 700. Fyrir brot úr hundraði greiðist sambærilegt hlutfall af 3.7 klst.
- b. 4.4 klukkustundir á hverja 100 nemendur séu þeir samtals 700 eða fleiri. Um brot af hundraði fer sem í a-lið.

Hver stund skal virt með dagvinnukaupi í meðallaunaflokki kennara á grunn-skólastigi. Fjárhæð þessari skal ráðstafa skv. nánari reglum sem menntamálaráðuneytið setur.

Framangreind ákvæði koma til framkvæmda með þeim hætti að 5 klukkustundir skv. a-lið koma fyrir skólaárið 1975/76, en sá tímafjöldi, er byggist á 3.7 klukkustundum skv. a-lið og 4.4 klukkustundum skv. b-lið kemur að helmingi til framkvæmda skólaárið 1975/76, og hækkar síðan jafnt ár hvert uns hámarksákvæðum hér að framan er náð skólaárið 1980/81.

15. gr.

Greiða skal launatengd gjöld af fjárframlögum er fara til starfa þeirra, sem um er getið í 11. gr. c, 13. gr. og 14. gr. Störf þessi skulu að öllum jafnaði launuð með dagvinnutímakaupi í samræmi við samninga opinberra aðila við starfsmenn sína.

Ekki er heimilt að nota fé það, sem hér um ræðir til greiðslu á yfirvinnu skólastjóra, kennara eða annarra fastráðinna starfsmanna nema sérstaklega standi á og til komi samþykki fræðslustjóra.

Séu kennara í föstu starfi, settum eða skipuðum, falin störf skv. ákvæðum fyrrnefndra greina lækkar við það kennsluskylda hans. Lækkun á kennsluskyldu kennara vegna annarra starfa í þágu skóla skal ekki verða til þess að kennsla hans samkvæmt stundaskrá verði unnin í yfirvinnu.

Hinn skerti hluti kennarastarfsins skal metinn til fjár samkv. kjarasamningum. Vinnutími kennarans að félagsmálum skal vera sama hlutfall af árlegum vinnutíma félagsmálaleiðbeinanda í heilli stöðu og fyrrnefnd fjárhæð er af árslaunum hans.

Umráðafé það, er skólinn hefur til þessarar starfsemi, lækkar um fjárhæð jafnháa launagildi stöðuskerðingarinnar.

16. gr.

Ríkissjóður greiðir fyrir gæslustörf við heimavistir, skv. reglum sem settar eru þar að lútandi, sbr. reglur um greiðslur fyrir gæslustörf í heimavistarskólum á skyldunámsstigi nr. 56/1974.

Við grunnskóla þar sem heimanakstri með nemendur er haldið uppi, greiðir ríkissjóður að fullu kostnað við nauðsynlega gæslu í biðtíma nemenda, en þó því aðeins að akstur sé skipulagður þannig, að enginn nemandi þurfi að jafnaði að bíða fyrir eða eftir kennslutíma lengur en eina og hálf klukkustund.

Skólastjóri gerir áætlun um þörf slíkrar gæslu er meta skal með tilliti til stundarskrár akstursnemenda annars vegar en skipulags á akstri hins vegar. Skólastjóri sendir áætlun um gæslu í biðtíma til fræðslustjóra er kveður endanlega á um stunda-fjölda vegna starfans.

17. gr.

Af rekstrarkostnaði mótuneyta og mataraðstöðu fyrir nemendur grunnskóla endurgreiðir ríkissjóður eftirfarandi:

- Launakostnað skv. reglum, sem menntamálaráðuneytið setur að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Starfsfólk það, sem hér um ræðir, er starfsfólk hlutaðeigandi sveitarfélaga nema skólabrytar („skólaráðskonur“).
- Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir rekstrarkostnað í mótuneytum fyrir kennara grunnskóla að því marki sem til framkvæmda koma ákvæði kjarasamninga kennara um matar- og kaffiaðstöðu á vinnustað.

18. gr.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað einstökum fræðsluumdæmum eða skólaverfjum að reka tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs og þá um leið veitt undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um námsskrá, starfstíma skóla, kennslutílhögun, kennslumagn o. s. frv., sbr. 65. gr. grunnskólalaga.

Umsókn um slíka heimild skal fela í sér nákvæma kostnaðaráætlun og komi í ljós að tilraunakennslan hafi aukinn kostnað í för með sér, skal fylgja umsókninni yfirlýsing frá viðkomandi sveitarstjórn (sveitarstjórnunum) að hún greiði helming kostnaðaraukans, þ. m. talinn launakostnaðarauka.

Heimild til starfrækslu tilraunaskóla skal aðeins veitt til eins árs í senn. Við endurnýjun slíkrar heimildar skal liggja fyrir umsögn trúnaðarmanna ráðuneytisins um hvernig tilraunin hafi tekist og rökstuðningur um gildi áframhalds hennar. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um kennslustofnanir, sem að öllu leyti eru reknar á kostnað ríkissjóðs.

Um Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands fer eftir ákvæðum um hann í reglugerð um Kennaraháskóla Íslands.

19. gr.

Í skólaheimavistum fyrir nemendur sem falla undir ákvæði c, d og e liða 51. gr. laga um grunnskóla endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélögum helming kostnaðar við gæslu, þjónustu, við endurnýjun tækja og búnaðar, viðhald húsa, kennslutækja og innanstokksmuna, svo og húsaleigu.

Af launakostnaði við matseld, vörslu og aðstoð við nemendur í dagvistun (skólaathvarfi) endurgreiðir ríkissjóður laun einnar forstöðukonu, auk þess sem samsvavar launum starfsstúlku í hálfu starfi fyrir hverja 16 nemendur eða annað hlutfall úr heilu starfi sé um aðra nemendatölu að ræða.

Allar endurgreiðslur eru háðar áætlun samþykktari af menntamálaráðuneytinu fyrir upphaf skólahalda á hvert. Við endurgreiðslu skal taka tillit til almennra launa-hækkana og hækkana á öðrum kostnaðarliðum, sem samþykktir voru í áætlun.

Kostnað vegna matvæla og sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu þessara nemenda endurgreiðir ríkissjóður að hálfu.

Um rekstur þessara stofnana gilda að öðru leyti sömu ákvæði og um almenna grunnskóla.

20. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í samráði við fræðsluráð komið á fót deild við heimavistargrunnskóla í fræðsluumdæminu fyrir þá nemendur umdæmisins, er aðstoðar þurfa við skv. 51. gr. a- og b-lið, og gerir þá um það samning við viðkomandi skólahverfi.

Um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði og rekstri slíkrar starfsemi skulu gilda sömu reglur og í reglugerð um sérstofnanir skv. 52. gr. grunnskólalaga nema um annað semjast milli menntamálaráðuneytisins og viðkomandi skólahverfis.

21. gr.

Nú nægir grunnskóla ekki áætlaður kennarastundafjöldi samkvæmt 8.—14. gr. þessarar reglugerðar til þess að tilskilinni kennslu samkvæmt viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins, svo og hjálparkennslu og annarri lögboðinni þjónustu grunnskóla við nemendur verði framfylgt. Skal þá fræðslustjóri í umboði ráðuneytisins afhuga sérstaklega kennsluáðstöðu og skipulag skólafarfsins. Ber honum í samráði við skólastjóra að kanna hvort unnt sé að gera þær breytingar á skólaskipan og skólafarfi er nægi til þess að lögboðin þjónusta verði veitt innan marka áður-nefndrar greinar. Nú verður niðurstaða könnunarinnar sú, að dómi fræðslustjóra, að við gildandi aðstæður séu ekki framkvæmanlegar þær breytingar er dygðu til þess að lögboðin starfsemi gæti rúmast innan kostnaðarákvæða fyrrnefndra greina. Greiðir ríkissjóður þá það sem á vantar.

Í slíkum tilvikum skal fræðslustjóri jafnan fylgjast með því hvort aukinn fyrir-sjáanlegur nemendafjöldi í skólahverfi eða samgöngubætur geti leitt til umbóta. Skal hann gera menntamálaráðuneytinu og hlutaðeigandi skólanefnd og skólastjóra grein fyrir því, hvort slíkar umbætur á skólaskipan og skólafarfi virðast mögulegar, þ. á m. breytingar á skólahverfum, shr. 16. gr. grunnskólalaga, eða samvinna skólahverfa í milli.

22. gr.

Þeir nemendur einir, sem lengri skólaleið eiga en 1500 m., koma til greina varðandi þátttöku ríkissjóðs í kostnaði sveitarfélaga vegna skólaaksturs grunnskólanema eða öðrum tilkostnaði er komið gæti í stað skólaaksturs.

Eigi má dagleg samarlögð akstursleið nemenda fara fram úr 60 km. né aksturs-tími við venjulegar aðstæður fram úr 90 mín. að jafnaði.

23. gr.

Þar sem hægt er að nýta almenningssvagna þannig að samanlagður göngu-, bíð- og aksturs-tími nemenda sé ekki lengri en 90 mínútur að jafnaði, endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélagi helming miðaverðs almenningssvagna fyrir viðkomandi aldurs-flokk.

24. gr.

Sé ekki hægt að nýta almenningssvagna, en skólasókn nemenda þó háð daglegum akstri eða einhverjum þeirra valkosta, sem taldir eru í liðum b til d hér á eftir, greiðist ákveðið ríkisframlag á nemanda. Þetta ríkisframlag er margfeldi af skóladögum nemanda, stystu skólaleið hans (einföld akstursleið), allt að 30 km. og allt að kr. 25.20 á km. sem grunnfjárhæð miðuð við verðlag á sérleyfisakstri í apríl 1975, og breytist hlutfallslega með breytingum á sérleyfistöxtum Póst- og simamálafjárinnar. Verði breytingar á töxtum vörubíðreiðastjóra eða fólksbíðreiðastjóra á skólaárinu, án þess að taxtabreytingar verði á sérleyfisakstri, skal taka tillit til þeirra breytinga.

Náist samkomulag um framlag ríkissjóðs samkvæmt framangreindri reglu er skólanefnd í umboði sveitastjórna heimilt að ráðstafa framlaginu til:

- a. Kostnaðar vegna skipulagðs skólaaksturs innan eða út fyrir skólahverfi.
- b. Kostnaðar við að koma nemanda í vist í nágranni skóla og/eða á eðlilegri skólaakstursleið.
- c. Greiðslu til forráðamanna til þess að aka nemendum að skóla eða að akstursleið skólabifreiðar.
- d. Kostnaðar við að koma nemanda að heimavistar skóla utan skólahverfis.

Skólanefndum í umboði sveitarstjórna er heimilt að bjóða foreldrum nemenda einn þeirra kosta, er taldir eru að framan undir lið b—d en er þó ekki skylt að skipuleggja akstur þeirra vegna, verði sá kostnaður meiri en kostnaður vegna einhvers valkostar b—d liða hér að framan, enda sé að dómi fræðslustjóra tryggt, að nemandi fái jafngóða námsaðstöðu við þann valkost.

25. gr.

Óski sveitarfélag ekki eftir föstu ríkisframlagi á nemanda skv. 23. gr., endurgreiðir ríkissjóður allt að 85% af daglegum aksturskostnaði.

Á sama hátt endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélögum allt að 85% af kostnaði við helgarakstur nemenda í heimavistar skólum séu þeir búsettir í skólahverfinu.

Greiðslur þessar miðast við að gætt sé fyllstu hagkvæmni í skipulagningu akstursins og er samþykki viðkomandi fræðslustjóra áskilið.

Menntamálaráðuneytið letur sveitarfélögum í té leiðbeinandi aksturstaða.

Framangreind ákvæði gilda enn fremur um skipulagðan akstur, þar sem honum verður við komið, að skólum og/eða bekkjardeildum sbr. 52. gr. grunnskólalaga, 4. mgr., sem ætlaður er nemendum, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi.

Hafi sveitarfélög skipulagt akstur grunnskólanemenda og geti forskóla- og framhaldsskólanemendur nýtt sér þann akstur, er það heimilt.

26. gr.

Þar sem þannig hagar til að ekki er aðstaða til þess að veita kennslu í tilteknum námsgreinum á grunnskólastigi, svo sem í leikfimi, sundi, handmenntum, heimilisfræðum o. fl., og leita verður aðstöðu utan skóla seturs, er skólanefndum í umboði sveitarstjórna heimilt að skipuleggja akstur að fengnu samþykki fræðslustjóra.

Endurgreiðslur ríkissjóðs fara fram skv. 25. gr.

27. gr.

Menntamálaráðuneytið getur greitt fyrirfram áætlaðan aksturskostnað í þeim tilvikum er sveitarfélög festa kaup á skólabifreið. Fyrirframgreiðsla þessi skal þó eigi vera hærri en sem nemur hlutdeild ríkissjóðs í áætluðum aksturskostnaði hlutaðeigandi sveitarfélaga tvö skólaár.

28. gr.

Endurgreiðsla ríkissjóðs vegna skólaaksturs fer fram mánaðarlega og eftir á. Menntamálaráðuneytið letur gera eyðublöð fyrir áætlun um akstur og uppgjör hans og sendir þau sveitarfélögum.

Ef akstursaðstæður reynast óvenju erfiðar í skólahverfi um lengri tíma af völdum veðráttu samkvæmt umsögn umdæmisverkfræðings Vegagerðar ríkisins er ráðuneytinu heimilt að hækka framlag sitt til hlutaðeigandi sveitarfélags fyrir það tímabil um allt að 10%.

Enn fremur greiðir ríkissjóður umsamið greiðsluhlutfall sitt í hækkunum, sem eru í samræmi við taxtabreytingar á sérleyfisakstri á umsömdu akstur tímabili. Verði breytingar á töxtum vörubifreiðastjóra eða fólksbifreiðastjóra á skólaárinu, án þess að taxtabreytingar verði á sérleyfisakstri, skal taka tillit til þeirra breytinga.

Á árinu 1975 fer endurgreiðsla ríkissjóðs á skólaaksturskostnaði þó þannig fram:

- a) vegna seinni hluta skólaársins 1974/75, eftir 1. júlí 1975.
- b) vegna aksturs fyrri hluta skólaársins 1975/76 með uppgjöri skv. 6.gr.

29. gr.

Bifreiðar þær er annast skólaakstur skulu ávallt vera vel búnar til farþegaaksturs og öryggistæki þeirra í fullkomnu lagi. Farþegar skulu ennfremur slysatryggðir sérstaklega og þá miðað við mestan fjölda nemenda í akstri. Iðgjald slíkra trygginga telst til aksturskostnaðar. Þegar um langar og/eða erfiðar akstursleiðir er að ræða skulu skólabifreiðar búnar talstöðvum. Heimilt er sveitarfélögum að fengnu samþykki ráðuneytisins, að festa kaup á talstöðvum vegna skólaaksturs og greiðir þá ríkissjóður stofnkostnað að hálfu enda séu stöðvarnar sameign ríkis og sveitarfélaga og teljast til stofnbúnaðar viðkomandi skóla.

30. gr.

Auk hins skipulagða skólaaksturs er heimilt að fella undir ákvæði þessarar reglugerðar aksturskostnað vegna félags- og menningarstarfs nemenda, svo sem vettvangsferða, skíðaferða, safn- og leikhúsferða og heimsóknar skóla á milli.

Þátttaka ríkissjóðs í þessum kostnaði skal þó ekki nema hærri fjárhæð en 2% til viðbótar samþykktum kostnaði hans í skólaakstri hvers skólahverfis.

Þar sem svo háttar til að kennari er ráðinn til starfa í fleiri en einu grunn-skólahverfi skv. 38. gr. laga um grunnskóla, gerir fræðslustjóri í samráði við hlutaðeigandi skólustjóra og kennara ferðaáætlun fyrir hann. Skal reynt að haga kennslu hans þannig við hina einstöku skóla að ferðir verði sem fæstar. Reynt skal að nýta skipulagðar ferðir svo sem unnt er, en þar sem það reynist ekki fært, greiðir ríkissjóður honum ferðastyrk í samræmi við gildandi reglur um greiðslu fyrir afnot eigin bifreiðar ríkisstarfsmanna í þágu starfs. Sami háttur skal hafður á um greiðslu ríkissjóðs á ferðakostnaði skólustjóra vegna eftirlits með útibúum frá aðalskóla.

31. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir viðhaldskostnað skólamannvirkja, þ.e. húsa, skipulagðrar lóðar og leikvalla í hlutfalli við umsamda eignaraðild að þessum mannvirkjum.

Húsaleigu endurgreiðir ríkissjóður miðað við venjulega eignaraðild ríkis- og sveitarfélaga að sambærilegum mannvirkjum. Viðhalds- og endurnýjunarkostnað kennslutækja og búnaðar endurgreiðir ríkissjóður að hálfu, en sérgreinds heima-vistarbúnaðar að þremur fjórðu.

32. gr.

Ríkissjóður greiðir heilbrigðisþjónustu, heilbrigðiseftirlit og heilsuvernd í grunnskólum og öðrum skólum, er falla undir ákvæði grunnskólalaga nr. 63/1974 og skólakostnaðarlaga nr. 49/1967, að hálfu á móti sveitarfélögum. Gera skal grein fyrir þessari þjónustu og kostnaði hennar vegna í áætlun um rekstrarkostnað skóla, sem háð er samþykki sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytisins.

Kostnaður sá er hér um ræðir er:

- a. Laun skólalækna vegna þessara starfa enda séu launagreiðslur í samræmi við samninga ríkisins við stéttarfélög þeirra.
- b. Kostnaður af lýsisgjöf í skólum, ljósböðum, heyrnar- og sjónmælingum sem skólanefnd hefur gert grein fyrir í samþykktari áætlun um skólakostnað.
- c. Kostnaður við sjúkraleikfimi og aðra slíka þjónustu er skólanefnd hefur gert grein fyrir í áætlun og fengið samþykkt af fræðslustjóra.

- d. Kostnaður við aðra heilbrigðisþjónustu, heilbrigðiseftirlit og heilsuvernd samkvæmt reglugerð nr. 214/1958 sbr. lög nr. 61/1957 um heilsuvernd í skólum eða ákvæði er koma kunna í þeirra stað.

Kostnaður vegna tanneftirlits og tannviðgerða grunnskólanema skal sérgreindur í bókhaldi. Um endurgreiðslu hans fer eftir ákvæðum 6. gr. laga nr. 62/1974, um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

33. gr.

Ríkissjóður greiðir helming kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu vegna nemenda grunnskóla, enda hafi áætlun verið samþykkt af menntamálaráðuneytinu og stjórn landshlutasamtaka, er hlut eiga að máli.

34. gr.

Umráð skólahúsnæðis eru í höndum skólanefndar og skólastjóra innan þess ramma, sem lög og reglur nánar kveða á um. Heimilt er að lána skólahúsnæði utan skólatíma til íþrótt- og æskulýðsstarfsemi eða almennrar félagsstarfsemi. Ætíð skal þó tryggja, að slík notkun skerði ekki afnot skólans af húsnæðinu né trufla starfsemi hans.

Ef um er að ræða stopul afnot aðila ræður sveitarstjórn ein leigumála. Sé hins vegar um að ræða not til lengri tíma svo sem sumarlangt, skal stuðst við reglur er menntamálaráðuneytið setur.

Heimilt er skólanefnd að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis að nýta skólahúsnæði til gististarfsemi utan árlegs skólatíma enda sé frágangi öllum, er þá starfsemi varðar, að fullu lokið áður en nauðsynlegur undirbúningur skólahalds hefst.

Menntamálaráðuneytið setur reglur, er styðjast skal við, varðandi leigukjör skólahúsnæðis í þessu skyni.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1976.

35. gr.

Allur kostnaður vegna afnota annarra en skólans sjálfs af skólahúsnæði er ríkissjóði óviðkomandi. Gildir það einnig um viðhald fasteigna og innanstokksmuna, enda skulu þeir aðilar, er afnot fá af húsum, greiða sinn hluta í þessum kostnaði og bæta að fullu skemmdir er verða kunna. Fá nemendur með heimild skólastjóra og skólanefndar afnot af hluta skólahúsnæðis til frjálstrar félagsstarfsemi á starfstíma skóla skal þó ekki krefja þá um greiðslu vegna viðhalds fasteigna né innanstokksmuna.

36. gr.

Skólanefnd og skólastjóri hafa umsjón með viðhaldi fasteigna og innanstokksmuna skóla svo og endurnýjun þeirra. Áætlanir ríkis og sveitarfélaga um kostnað af viðhaldi fasteigna skulu árlega miðaðar við ákveðinn hundraðshluta af bruna-bótamati viðkomandi fasteigna. Menntamálaráðuneytið ákveður í sérstakri reglugerð viðmiðunartölu viðhaldskostnaðar skólahúsa að höfðu samráði við samstarfsnefnd, sbr. 9. gr. laga nr. 63/1974.

Telji skólanefnd og fræðslustjóri þörf á fjárveitingu umfram þessar reglur skal sótt um það sérstaklega til viðkomandi sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis. Slíkri umsókn um aukafjárveitingu til viðhalds skal fylgja nákvæm greinargerð skólanefndar fræðslustjóra.

Þar sem fleiri en einn grunnskóli er í skólahverfi, ráðstafar skólanefnd samanlögðu viðhaldsfé þeirra.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1976.

37. gr.

Öll fjárfrek viðhaldsverk í skólum, svo og breytingar eða endurbyggingar skulu unnar skv. fyrirframgerðri áætlun og verklýsingu. Skólanefnd skal í samráði við fræðslustjóra fylgjast með framkvæmdum. Allir reikningar vegna viðhalds skólahúsa eða lausafjármuna í þeim skulu samþykktir af fulltrúa skólanefndar og fræðslustjóra, sem gerir menntamálaráðuneytinu grein fyrir framkvæmdum og réttmæti kostnaðarreikninga.

38. gr.

Annan rekstrarkostnað en þann, sem sérstaklega er talinn í reglugerð þessari, greiða sveitarfélög þau er að grunnskólum standa án þátttöku ríkissjóðs. Kostnaður sá er hér um ræðir, er m.a. vegna húsvörslu, ræstingar, ljóss, hita, efniskaupa til verklegrar kennslu og af pappír og ritföngum.

39. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd reglugerðar þessarar og skulu því sendir reikningar skólans og áætlanir um rekstrarkostnað eftir því sem segir í lögum nr. 63/1974 og lögum nr. 49/1967, svo og reglugerð þessari. Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald þeirra skóla, er falla undir ákvæði reglugerðar þessarar, en falið geta þau öðrum með samþykki menntamálaráðuneytisins að annast reikningshald í umboði sínu.

Reikningar skóla skulu endurskoðaðir með reikningum viðkomandi sveitarfélaga.

Þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa að rekstri grunnskóla skulu hlutaðeigandi oddvitar sameiginlega tilnefna tvo fulltrúa til að endurskoða skólareikningana og tvo til vara. Tímabil tilnefningar þeirra er fjögur ár. Að lokinni endurskoðun skulu þeir leggja reikningana fyrir oddvita sveitarfélaganna til staðfestingar.

Reikningar fræðsluskrifstofu skulu gerðir upp sér og sendir ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

40. gr.

Þar sem fræðsluskrifstofur hafa verið stofnaðar og fræðslustjórar tekið til starfa samkvæmt grunnskólalögum fara þessir aðilar með umboð ráðuneytis og viðkomandi sveitarstjórna eftir því sem ákveðið er í lögum nr. 63/1974.

41. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, og lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, og öðlast þegar gildi með þessum frávikum: 13. og 14. gr. á þann hátt, sem þar getur, 28., 34. og 36. gr. frá 1. janúar 1976.

Reglugerð nr. 26/1971, um rekstrarkostnað skóla, er hér með felld úr gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til fræðslustjórar hafa verið settir til starfa í fræðsluumdæmum samkvæmt lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, fer menntamálaráðuneytið með þau störf, sem þeim eru falið í reglugerð þessari.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. maí 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.